

átti að þýða aðdánlegi doktorinn, eins og menn halda nú (doctor þýðir kennari) heldur undarlegi doctorinn, eða sá sem kennir undarlega hluti. En Tómas Aquinas, sem nærri því mátti heita flón eitt í samanburði við Roger Bacó, var nefndur doctor angelicus, engildoktorinn. Og svo hált varð Hróðgeiri á því, að hafa gengið í munkalög, að tíu ár var honum með öllu fyrirboðið að lesa og skrifa, en 14 ár sat hann í varðhaldi. Fyrir það eitt að hann var vitrari en samtíðarmenn hans.

Hún er nógu fróðleg þegar farið er að hugleiða hana, saga þeirra manna,

sem mestu góðu hefðu getað til leiðar komið, og mannkynið á mest að þakka. Af æfisögu Bacós og Brúnós, kynni sumum að virðast, að það væri heillavænlegra fyrir manninn, að vinna heldur ríki myrkranna, og tefja fyrir framförum mannkynsins, heldur en færa út svið manlegrar þekkingar og auka mönnum vit, eins og þeir gerðu svo mjög. En þó mun ekki vera svo nema í bili. Eg hygg, að það muni satt reynast, sem sagt hefir verið. að þar sem vitið er muni mátturinn verða: „Magna est vis veritatis et prævalebít“.

1—4. okt.

Jöklar á Heklu.

O miserum insomnem in
tinniente inferno stupi-
ditatis.¹

I.

Það er upphaf skriðjökla, að snjó leysir ekki úr fjöllum ár eftir ár, til fulls, heldur eykur fönn á fönn ofan, unz snjórinn fergist saman að ís eða jökli. Jökulisinn liggur ekki kyrr þar sem hann er kominn, heldur fer að mjakast niður eftir fjallinu þegar þrýsting er orðin nóg. En jökulendinn verður þar sem

¹) Orðin gera nokkra grein fyrir göllum á rannsókn og ritsmíð.

jafnmikið bráðnar að neðan, eins og fellur til að ofan, og þar skilur jökullinn eftir það sem hann hefir borið með sér og mjakað undir sér af aur og leir og grjóti. Eru jökulsárnar altaf með jökullit, vanalega gráum, af steinmjölinu úr og undan jöklinum, eða steinsvarfinu; en jöklinum sjálfum má líkja við þjalartungu, sem strýkst niður eftir fjalli, seint en fast. Verður þar hverskonar berg undan að láta, þó að misjafnlega sé nokkuð, eftir seiglu og hörku bergsins og magni jökulsins.

Af því sem nú var ritað, munu menn geta skilið, að jöklar hljóta með tímanum að hafa mikil áhrif á sköpulag lands sem þeir ganga yfir, og miklu meiri en fannir, sem liggja kyrrar. Og eru þó áhrif fannanna á landslag bæði meiri, margvíslegri og fróðlegri en mönnum virðist vera kunnugt, og margan sumarfríðan smáhvamm á landi hér er fönnum að þakka.

II.

Sumarið 1911 gengum við Páll Lýðsson frá Hlíð upp á Heklutind og síðan nyrzt norður á háöxlina; sá eg þá að þar niðurundan er skriðjökull, en hafði ekki heyrt eða séð getið um það áður, að svo væri. Sagði eg stuttlega frá þessu í „Ísafold“ vorið 1912, og í grein um Heklu og landslag þar í kring í þýzka landfræðitímaritinu Petermanns Mitteilungen (október 1912). En eg hafði aðeins séð jökulinn að ofan og þurfti að athuga hann betur, og 9. ágúst í sum- ar sem leið, fór eg úr Áfangagili í Valafelli og Ragnar Thórarensen með mér til að skoða Heklu að norðanverðu og einkum jökulinn. Þetta var þerrivikuna fyrst í ágúst, og var fagurt veður og heitt skín svo að eg man ekki eftir jafnmiklum hita hér á landi og þar við fjallið. Gengum við á hálsinn norðaustur af Heklu og síðan upp á öxlina. Sá þar yfir eldstöðvarnar syðri eftir gosið þá um vorið, Mundafellshraunið og eld- sprunguna, með röð af uppvörpum og

ljósri mön að endilöngu; en norðaustur sýndist vera önnur slík eld- sprunga, langt á leið norður að Krakatindi. Getur Guðmundur landlæknir Björnsson ekki sprungu þessarar í hinni rögg- samlegu skýrslu sinni um gosið; en vel getur verið að sprunga þessi sé til komin eftir að þeir Guðmundur læknir skoðuðu eld- stöðvarnar. Virtist svæði þetta næsta fróðlegt, en mér var nú samt mestur hugur á að skoða jökulinn, og ætlaði mér að skoða suður-eldstöðvarnar betur seinna; en þó varð það ekki og hirði eg ekki að lengja málið með því að skýra frá ástæðum. Þarna sem við vorum á Heklu hafði hraun ollið úr henni upp úr sprungu án þess að gígur hefði myndast eða uppvarp.

Snerum við nú niður á við aftur og vestur eftir fjallinu, áleiðis að jöklinum. Var þar heldur ilt yfirferðar með köflum, þarð fannirnar höfðu bráðnað svo ójafnt undan vikrinum sem rignt hafði yfir þær um vorið, að þær voru eigi alls ólíkar stirðnuðum öldusjó. Skriðjökullinn sjálfur var vikurlaus og nokkuð slétt yfirborðið, stuttur og breiður og brattur og liggur nær til norðurs. Að kalla hann hjarnfönn er engin leið, því að hann hefir öll skriðjökuls-einkenni. Jökulendinn er rúmum 600 stikum yfir sjávarmál, og er þetta ekkert nákvæmlega tiltekið; nær jökullinn talsvert lengra niður en snjór er sýndur á Heklu- uppdrætti herforingjaróðsins á því svæði. Skriðjökullinn er þar alls ekki sýndur,

og er þetta fróðlegt til að sýna, hvernig jafnvel vönum mönnum getur sést yfir það sem þeir búast ekki við að sjá, jafnvel þó að það meginærri því heita í augum uppi. Raunar getur varla hjá því farið, að mynd hafi komið af jöklinum og jökulöldunum í augun sem á horfðu; en meðvitundin tók það ekki til meðferðar.

Í sólarhitnum bunaði leysingarvatnið víða niður eftir jöklinum, og neðst hafði aðallækurinn grafið sér gil ofani jökulinn. Vatnið í læknum var rauðleitt, en ekki mjög gruggugt; komst lækurinn aðeins stuttan spöl frá fjallinu áður hann hyrfi í aur og sand, sem borist hefir í hraunið. Mér virtist alt vatnið í læknum vera ofan af jöklinum; það sem bráðnar neðan úr honum virðist alt hverfa í fjallið undir.

Jökulendinn var kringdur af háum og bröttum öldum af aur, sandi og leðju, en allstórir steinar hér og hvar innanum. Vóru þessar jökulöldur rauðar á lit, ekki ósvipaðar öskuhaugum og erfðar umferðar. Nálægt 20 stikum munu þær hafa verið á hæð, þar sem þær vóru hæstar. Eg gerði þó nokkra leit að fægðum og rispuðum steinum á auröldum þessum; vóru margir steinarnir að visu nokkuð máðir á hornum og röðum, en engan stein fann eg greinilega fægðan eða rispaðan. Virtist mér þetta eftirtektarvert og hygg munu geta komið af því, að holótt og gljúpt berg sé undir jöklinum mest og virðist þetta í góðu

samræmi við hvað vatnið í jökullæknum var lítið gruggugt, í samanburði við jökullæk vestar sem síðar segir frá. Því að það er annar skriðjökull til á Heklu, talsvert lengri en norðurjökullinn, en þennan langjökul hafði eg ekki uppgötv- að 1911.

III.

Norður úr Heklu nær miðri er kúla mikil eða undirfell, 977 stikur á hæð, eftir uppdrættinum; er þetta eldupphvarf mikið, þó að ekki sé það svo tákn- að á uppdrættinum og heitir litla Hekla. Gegnir nærri furðu að Schythe, sem rannsakaði Heklu eftir gosið 1845 og hefir skrifað um hana eina af beztu og gáfulgustu bókum, sem til eru um náttúrufræði Íslands, skyldi ekki sjá hvers eðlis litla Hekla er. Niður með litlu Heklu að austanverðu liggur langur og mikill aurtangi og nær góðan spöl niður á sléttuna frá fjallinu, endar hann á 500 stikna hæð. Þetta er nú raunar skriðjökultangi, sem manni bregður nokkuð í brún við að sjá fyrst; er að visu tanginn markaður á uppdrættinum, en ekki að þar sé jökull og heldur ekki skriðjökullinn upp af honum, í hlíðinni. Var þarna fróðlegt umhorfs, en ekki vanst mér tími til að skoða jökulinn eins vel og vert hefði verið, svo áliðið var orðið dags þegar eg hafði lokið skoðun á hinum jöklinum og jökulöldunum þar.

Tangajökull þessi er graftól með fádæmum og grefur neðan úr litlu Heklu

(anstanverðri) og ryður henni niður yfir sig. Er það mikið vegna þess hvað litla Hekla er laus í sér, sem jökullinn er svona óvanalega aurhulinn. En sjálfa Heklu hefir jökullinn grafið svo, að hann liggur í slakka eftir, hefir hann sorfið niður í bláa berg, hart og þétt sem blágrýti, og lágu stór björg af því á jöklinum, en sum höfðu oltið niðurf, og þurfti þar ekki lengi að leita til að finna glöggar jökulrispur. Tveir lækir runnu frá jöklinum og komst hvorugur langt í sandinn. Í læknum sem ofar spratt upp, og miklu var stærri, mátti fremur leðja heita en vatn. Tel eg víst að vatnið í honum hafi verið mest neðanundan jöklinum, þar sem mest er af aur og leðju í jökulsnum. Leðjan var rauðleit. Hinn lækurinn spratt upp utarlega á jökultanganum nærri efst uppi á tangabrekkunni. Réð eg þar til uppgöngu til þess að skoða jökulinn þar sem lækurinn hafði rutt af honum grjótinu. Var brekkan erfið, eg fór nærri hálfur á kaf í aur og sand, en grjót hrundi að mér að ofan svo að lá við meidungum. Ómarðari slapp eg þó burt en á horfðist, og er miklu auðveldara að ganga þarna um fyrr á degi, og sé minni sólarhiti en var þennan dag.

IV.

Hekla, sem menn hafa talið með því skoðunarverðasta sem sé til á landi þessu, er ennþá skoðunarverðari fyrir þessa skriðjökla. En ekki eru þeir þar nýir;

mörg hundruð ára gamlir eru þeir, og hafa þeir um hríð verið að minka.

Mér þótti hálf gaman að finna þessa jökla þarna, þó að ekki sé það mikil uppgötvun. Eg hefi síðan eg fór að fást við rannsóknir, gert eigi allfáar uppgötvanir, og sumar þess eðlis, að eg hefi glögglega komist að raun um, eins og náttúrufræðingurinn mikli, Lamarck, að það er ekki nóg að uppgötvanir sé gerðar, einhver þarf líka að uppgötva að uppgötvanir hafi verið gerðar. Og samt sem eg hefi séð og skilið umfram það sem áður hefir verið gert, hefir mér verið talið jafnvel verr en til heimsku.

En þetta um jöklana á Heklu er svo einfalt; þar stoðar ekkert þvaður; því verður ekki móti mælt, að þar eru skriðjökla, þó að enginn hafi getið um áður, að svo sé. Fjöldi manna hefir eins og kunnugt er, skoðað Heklu, og ekki ókunnari fræðimaður en próf. Þorvaldur Thoroddsen meira að segja gengið upp á hana að norðaustanverðu, og vanir mælingamenn mælt hana og myndað.

Annars má vel sjá jöklana úr fjarlægð, t. a. m. af Fjallabaksveginum, úr Búrfelli, og utan úr Hrepp. Hefi eg oft horft á þá, grunlaus eins og aðrir. En orsökkin til þess, að menn hafa ekki átt að sig á þessum skriðjökum og jökulöldum, er auðvitað sú, að menn hafa ekki búist við að slíkt væri þarna að finna, vegna þess að ekkert jökulvatn kemur frá Heklu. Vatnið sigur alt í sand og

hraun og er orðið afbragðs tært þegar það kemur fram aftur. Er það Rangá ytri sem af því verður. Rangárbotninn austari er eitt af því, sem ferðamönnum er ráðandi til að skoða á landi hér, þetta hyldjúps, blágræna uppgönguanga þarna í hraunröndinni. Er þar líka fróðlegt að sjá eina tegund byrjandi dalmynd-

unar. Rangárbotninn vestri virðist mér helst vera leki úr Þjórsá, eins og Schythe hefir getið til (Hekla og dens aidate Udbrud bls. 7). En áður hefi eg getið um að Þjórsá lekur vestur yfir í gjána, (sem nefna mætti Rauðárgjá), og kemur það vatn í Þjórsá aftur.

22. 11.—15. 1.

Ragnheiður Thórarensen.

Eftirmæli.

Parvulum, sed ægre
composui, insomnis in
tinnienteinferno stupidi-
tatis.

Ragnheiður Thórarensen, sem andaðist 9. þ. m. á heimili dóttursonar síns Gests Einarssonar á Hæli, var fædd 13. júlí 1816 og varð þannig rúmlega 97¹/₂ árs. Ragnheiður var ættuð vel, dóttir Páls Melsteðs amtmanns, og Önnu Sigríðar dóttur Stefáns konferensráðs Þórarinssonar. En Páll faðir hennar var Þórðarson, Jónssonar (þess er tuddann setti í ána), Halldórssonar, Þorbergssonar Hrólfssonar sterka; en Hrólfur var í karlegg kominn af Lopti ríka og hefir Jónafat ættfræðingur leitt að því mörg rök, að Loptur hafi í karl-

legg verið frá bróður Ara fróða; en Ari sjálfur segir að það sé sama ættin og hin forna konungætt Svía, og þarf ekki að efa, að hann segir það satt.

Ragnheiður giftist 1841 frænda sínum Vigfúsi Sigurðarsyni Thórarensen sem seinna varð sýslumaður Stranda-
manna. Hafði sá ráðahagur verið mjög að hans vilja, og henni líklega ekki á móti skapi. Var Vigfús hvatleiksmaður og vel viti borinn eins og hann átti ætt til, en varð drykkfeldur um of. Vigfús var sonarsonarsonur og sonardóttursonur Þórarins á Grund*), (sem

*Af sama karleggnum og Þórarinn, niðji áera Sveins lærða, var Sveinn Pálsson, náttúrufræðingur og læknir, ágætur mað-